



# Kvenréttindafélag Íslands

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 142/151*  
*komudagur 1.7.2013*

Reykjavík, 1. júlí 2013

Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegan stuðning (heildarlög), 7. mál.

Kvenréttindafélagi Íslands (KRFÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegur stuðningur (heildarlög), 7. mál. Eftirfarandi er umsögn félagsins:

Fyrst af öllu vill KRFÍ fagna því að frumvarpið hafi verið metið með hliðsjón af stöðu kynjanna. Félagið er þó ósammála þeirri túlkun sem fram kemur í greinagerð að frumvarpið hafi ekki neikvæð áhrif á stöðu kynjanna. Það er rétt að þau réttindi og þær greiðslur sem kveðið er á um í frumvarpinu mismuni kynjunum ekki í sjálfu sér, en þær leiðir sem eru valdar koma til með að hafa ólík áhrif á kynin vegna ólíkrar samfélagslegrar stöðu kynjanna, s.s. þátttöku þeirra á vinnumarkaði og ólaunaðrar vinnu á heimilum.

Miðað við þau gögn sem KRFÍ hefur kynnt sér er mjög líklegt að þær tillögur sem hér eru kynntar komi til með að hafa neikvæð áhrif á stöðu kynjanna, því þau koma til með að bæta hag karla fram yfir hag kvenna.

KRFÍ vill hvetja til þess að frumvarpið verði endurskoðað og að öll þau gögn sem til eru um almannatryggingakerfið og þær breytingar sem hér eru kynntar verði betur greind út frá kynjasjónarmiði. KRFÍ vill ennfremur hvetja til að ákvarðanir verði teknar í samræmi við niðurstöður kynjagreiningar til að tryggj sé að þær endurspegli markmið stjórnvalda um jafnrétti kynja eins og þau eru kynnt í jafnréttislögum (nr. 10/2008).

Að lokum vill KRFÍ benda á greiningu Steinunnar Rögnvaldsdóttur á ellilífeyrismálum út frá kynjasjónarmiði en þar eru skoðaðar tölur um efnahagslega stöðu og lífeyri eftir kyni og ályktað út frá þeim bæði um stöðu eldri kvenna á ellilífeyri í dag og framtíðarhorfur kvenna sem nú eru á vinnualdri. Rannsóknin ber titilinn: *A haunted society: Old age pensions in Iceland from a gender perspective* og er aðgengileg á Skemman.is.